

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

11. fundur stjórnar starfstímabilið 2013-2015

Haldinn 6. október í Íþróttahúsinu við Strandgötu á skrifstofu Íþróttafulltrúa.

Mættir: Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marinósson formaður, Atli Már Sigurðsson (DÍH), Ingvar Kristinsson (Björk), Sigurjón Andersen (KK), Ragnar Hilmarsson (Þytur), Magnús Gunnarsson (Haukar), Kristín Pétursdóttir (SH), Þórarinn Sófússon (GSE), Stefán Kristófersson (Fjörður), Gunnar Bjarnason (AÍH), Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir), Ólafur Tryggvi Gíslason (HFH), Þórunn Ansnes (Sörli), Viðar Halldórsson (FH) og Írena Óskarsdóttir (BH). Forföll: Arnar Geirsson (Bjartur), Sævar Már Gústafsson (ÍH), Anders Már Þráinsson (SÍH) og Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH).

1. Reglugerð Afreksmannasjóðs ÍBH

Samþykkt af stjórn ÍBH og tekur gildi 1. janúar 2015.

2. Norræn barna- og unglingaráðstefna Bosön í Svíðþjóð

Fór fram 18. – 21. september sl. Framkvæmdastjóri ÍBH tók þátt í ráðstefnunni og greindi frá því helsta sem fjallað var um á henni.

3. Svar mælingamanns hlaupaleiða vegna styrkbeiðni hlaupaleiðar

Hamarskotslækjar

Niðurstaðan er sú að ekki er hægt að mæla vegalengdina á löglegann hátt, því minna en 50% hlaupaleiðar verður að vera frá upphafspunkti (Kaldársel) að endapunkti (Thorsplan í miðbæ Hafnarfjarðar) hlaupsins svo hlaupið teljist geta orðið löglegt. Samþykkt styrkbeiðni fellur þar af leiðandi niður.

4. Ritun sögu ÍBH 2005 – 2015

Lítilega rætt um samantekt á sögu ÍBH frá 60 ára afmæli þess árið 2005. Einnig var rætt um kostnað og í hvaða formi útgáfan ætti að vera. Samþykkt að boða Jóhann Guðna Reynisson á fund framkvæmdastjórnar ÍBH 13. október nk. vegna verkefnisins.

5. Fundur framkvæmdastjóra sambandsaðila ÍSÍ 26. september sl.

Framkvæmdastjóri ÍBH fór yfir helstu atriði fundarins sem var umfangsmikill og benti fundarmönnum á glærur af fundinum sem er að finna á heimasíðu ÍSÍ, www.isi.is undir efnisveita.

6. Yfirlit yfir lottógreiðslur til aðildarfélaga frá desember 2013 – ágúst 2014

Samþykktar.

7. Fundur íþróttabandalaga um aðildarumsókn að UMFÍ

Fulltrúar íþróttabandalaga hittust 29. september sl og fóru m.a. yfir kosti og galla aðildarumsóknar fyrir íþróttabandalögin. Ákveðið að hittast aftur á fundi miðvikudaginn 8. október. Föstudaginn 10. október halda fundir íþróttabandalaganna með UMFÍ áfram. Búið er að kynna málefnið fyrir stjórnnum UMFÍ og ÍSÍ.

8. Kynning á Afreksíþróttamiðstöð Íslands 29. september sl.

Kjartan Ásmundsson ÍBR og Andri Stefánsson ÍSÍ sáu um kynninguna. Stefnt er að því að stofna hlutafélag um Afreksíþróttamiðstöð Íslands með 12 milljón króna stofnframlagi. ÍSÍ, ÍBR og KSÍ munu leggja fram 1,5 milljón hver aðili. Öðrum íþróttahéruðum og sérsamböndum ÍSÍ er boðið að kaupa hlut á bilinu kr. 250.000-500.000. Stefnt er að því að skilgreina með hverju sérsambandi t.d. hvaða íþróttamælingar / forvarnarmælingar væru nauðsynlegar hjá aldri / landsliðum hveurrar greinar og niðurstöður þeirra settar inn í gagnagrunn sem miðstöðin myndi setja upp. Verktakar myndu sjá um allar mælingar og rukka kostnað við þær, því til viðbótar kæmi 5-8% þjónustugjald fyrir notkun á gagnagrunninum. Gagnagrunnurinn heldur utan um íþróttamælingar á íþróttafólki á einum stað og er það kostur þegar t.d. koma

nýir landsliðsþjálfarar í íþróttagreinum sérsambanda ÍSÍ. Afreksíþróttamiðstöð Íslands stefnir að samstarfi við Háskóla Íslands.

9. Gögn sem ÍBH hefur borist:

- a). Bréf frá ÍSÍ um námskeið í fararstjórn 23. september í Íþróttamiðstöðinni Laugardal.
- b). Bréf frá ÍSÍ um ráðstefnu um afreksíþróttir 13. október nk í Reykjavík.
- c). Bréf frá ÍSÍ þar sem auglýst er eftir umsóknum um þjálfarastyrki. Umsóknarfrestur er til 10. október nk.
- d). Bréf frá ÍSÍ þar sem auglýst er eftir umsóknum í íþróttasjóð á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

10. Önnur mál

- a). SA frá KK greindi frá því að félagið hefði tekið félagsheimilið allt í gegn og stefnir að því að bjóða bæjarfulltrúum og íþróttahreyfingunni í heimsókn í lok mánaðarins. Einnig sagði hann frá samningi félagsins við Ökukennarafélag Íslands um afnot / leigu á akstursbraut til næstu 30 ára sem er metinn á 45 milljónir. Félagið er sjálft búið að leggja ca 10-15 milljónir í þetta.
- b). RH frá Þyt lýsti ánægju sinni með skipulagsfund með bæjaryfirvöldum um hafnarsvæðið sem fór fram á Kænunni fyrir skemmstu. Það stendur til að útbúa nýtt skipulag fyrir hafnarsvæðið í samráði við hagsmunaaðila á svæðinu. Markið með nýju skipulagi er að færa meira líf inn á svæðið og fagnar Siglingaklúbburinn því. Hins vegar hefur Siglingaklúbburinn Þytur áhyggjur af hugmyndum að staðsetja veitingabát í miðri höfninni á móts við Þjóðkirkjuna. Þær hugmyndir koma í veg fyrir að hægt sé að nota innrihöfnina fyrir siglingar barna og setur allt barnastarf Þyts í uppnám.
- c). ÍÓ frá BH lýsti yfir óánægju félagsins með athugasemdir ÍBH með nýtingu félagsins á tímum í Íþróttahúsinu Strandgötu. Málið er ennþá í vinnslu og á félagið eftir að funda með framkvæmdastjórn ÍBH um málið.

Fleira ekki gert.

Fundur hófst kl. 18.15 og lauk kl. 19.15.

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir.